Regnbogavottun Reykjavíkur
Aðgerðaáætlun í hinsegin málefnum

Starfsstaður: Langholtsskóli
Dagsetning: 14.8.2026
Stjórnandi: Sigurlaug Hrund Svavarsdóttir

Aðgerð #1
Árleg fræðsla frá Samtökunum ´78 fyrir nemendur í 3. 6. og 9. bekk.
Markmið:
Að efla þekkingu nemenda á hinsegin málefnum.
Aðgerð:
Fræðsla bókuð hjá Samtökunum á hverri haustönn.
6. bekkur 27. október
3.bekkur 20. október
9. bekkur 21., 22. og 24. september
Tímarammi: Einu sinni á ári.
Ábyrgðaraðili: Guðbjörg Pálsdóttir og Guðlaug Bjarnadóttir.

Aðgerð #2
Að kaupa og kynna hinsegin bækur á bókasafn og fyrir kennslu.
Markmið:
Að gera nemendur meðvitaða um að hinseginleiki fyrirfinnst alls staðar.
Aðgerð:
Innkaup á bókum og fræðsla til starfsfólks.
Tímarammi: Stöðugt.
Ábyrgðaraðili: Guðný Ásta Ragnarsdóttir og kennarar.

Aðgerð #3 Að breyta dæmum í kennsluverkefnum þannig að hinsegin fólk komi fyrir.
Markmið: Að gera nemendur meðvitaða um að hinseginleiki fyrirfinnast alls staðar.
Aðgerð: Stjórnendur minna kennara á þetta og ítreka mikilvægi þess að huga að hinseginleika í skólaverkefnum.
Tímarammi: Stöðug áminning.
Ábyrgðaraðili: Stjórnendur og kennarar.

Aðgerð #4 Regnbogafánatröppur á skólalóð.
Markmið: Að auka sýnileika.
Aðgerð: Málun trappna.
Tímarammi: Fyrir 14. maí 2027.
Ábyrgðaraðili: Baldur Trausti Hreinsson

Aðgerð #5 Að yfirfara og breyta eyðublöðum, hafa þrjá möguleika í kynskráningu, gera ráð fyrir fjölbreyttum fjölskylduformum.
Markmið: Að passa upp á að tillit sé tekið til mismunandi fjölskylduforma hjá nemendum.
Aðgerð: Öll eyðublöð skólans rýnd með aðgerðina í huga og þeim breytt eftir þörfum.
Tímarammi: Haustönn 2026.
Ábyrgðaraðili: Stjórnendur og ritari.

Aðgerð #6 Að gera hinsegin tákn (fána, veggspjöld, myndir o.s.frv.) sýnileg í öllum rýmum skólans.
Markmið: Að hafa regnbogalitina alltaf sýnilega, eðlilegur hluti umhverfisins í skólanum.
Aðgerð: Að prenta út veggspjöld og plasta, koma þeim fyrir inni í stofum. Einnig að kaupa litla fána og hálsbönd í regnbogalitum.
Tímarammi: Stöðug áminning.
Ábyrgðaraðili: Stjórnendur og starfsfólk.

Aðgerð #7 Að halda upp á 17. maí, Alþjóðlegan dag gegn fordómum í garð hinsegin fólks, og útbúa/finna nemendaverkefni um sögu hinsegin fólks á Íslandi og víðar.
Markmið: Að efla þekkingu nemenda á sögu hinsegin fólks og auka víðsýni þeirra. Gera grein fyrir mikilvægi þess að sýna umburðarlyndi og að viðurkenna fjölbreytileika lífsins.
Aðgerð: Kennarar, stjórnendur og starfsfólk hjálpast að við að skipuleggja hátíðarhöld.
Tímarammi: Árleg hátíð, haldin 14. maí 2027 vegna hvítasunnuhelgar.
Ábyrgðaraðili: Stjórnendur og kennarar.

Aðgerð #8 Fræðsla árlega fyrir nýtt starfsfólk.
Markmið: Að efla þekkingu starfsfólks, kynna regnbogavottun Reykjavíkurborgar.
Aðgerð: Hinsegin fræðsla, m.a. á Torginu.
Tímarammi: Hvert skólaár.
Ábyrgðaraðili: Stjórnendur.